



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 6. mars 2019

USK2019020020

0.0

Skipulags- og samgönguráð

***Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokk fólksins vegna höfnunar allra tilboða í smáhýsi við Héðinsgötu 8. Tilvísun í mál US190059.***

Skipulags- og samgönguráð 13. febrúar 2019: Lögð fram fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vegna höfnunar allra tilboða í smáhýsi við Héðinsgötu 8.

Við opnun tilboða í smáhýsi kom í ljós að enginn sem lagði inn tilboð uppfyllti þær kröfur sem gerðar voru. Því hefur verið ákveðið að Reykjavíkurborg hanni húsin sjálf og bjóði út framkvæmdirnar.

Flokkur fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um:

1. Ástæður þess að öllum tilboðum var hafnað, t.d. hvort það var vegna þess að þau voru illa unnin, eða aðrar ástæður?
2. Hvernig var staðið að gerð útboðsgagna?
3. Er borgin með sérstaka hönnunarstofu?
4. Er borgin að fara í samkeppni við sjálfstætt starfandi ráðgjafa

Svör umhverfis- og skipulagssviðs og velferðarsviðs:

1. Um var að ræða opið alútbod sem auglýst var á Evrópska efnahagssvæðinu. Í alútbóði skila bjóðendur inn tillögum að hönnun og útfærslum ásamt því að skila inn verðtilboði. Matsnefnd sem skipuð var fulltrúum frá umhverfis- og skipulagssviði, velferðarsviði auk aðkeypts ráðgjafa fór yfir allar tillögur skv. matskerfi sem skilgreint var í útboðsgögnum. Við yfirferð á tillögum kom í ljós að engin tillaga uppfyllti kröfur útboðsgagna þar sem að annað hvort skorti gögn eða að tillögur voru ekki í samræmi við verklýsingu. Má þar m.a. nefna kröfur um færanleika, styrk, tæknikerfi, frágang innan og utan húss, efnisnotkun o.fl.

2. Útboðsgögn voru unnin í samstarfi af starfsfólki umhverfis- og skipulagssviðs og velferðarsviðs auk aðkeypts ráðgjafa. Innkaupadeild veitti ráðgjöf vegna útboðsins.
3. Reykjavíkurborg er ekki með sérstaka hönnunarstofu. Hönnun og ráðgjöf vegna mannvirkjagerðar er aðkeypt frá arkitekta- og verkfræðistofum. Á umhverfis- og skipulagssviði starfa sérfræðingar s.s. arkitektar, verkfræðingar o.fl. sem fara með verkefnastýringu.  
Arkitekta- og verkfræðihönnun vegna smáhýsa verður aðkeypt.
4. Nei. Öll hönnunar- og ráðgjafarvinna er vinna unnin af sjálfstætt starfandi ráðgjöfum.



Ámundi Brynjólfsson,  
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds